

AUGLÝSING

um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Í samræmi við 6. gr. laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, og fjárlög fyrir árið 2026 hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:

á veitusvæði HS Veitna	8,24 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli*	13,64 kr./kWst.,
á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli	10,10 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í dreifbýli*	13,72 kr./kWst.,
á veitusvæði RARIK í þéttbýli	9,68 kr./kWst.,
á veitusvæði Veitna ohf.	8,77 kr./kWst.

* Niðurgreiðslur í dreifbýli taka mið af dreifbýlisframlagi eins og það var 31. desember 2025 hjá dreifiveitum með heimild til dreifbýlisgjaldskrár.

b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:

HEF Veitur	11,05 kr./kWst.,
Orkubú Vestfjarða	10,55 kr./kWst.,
HS Veitur	8,64 kr./kWst.

c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.

Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðalverði niðurgreiddrar raforku til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs í hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Umhverfis- og orkustofnunar.

d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.

Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, nr. 78/2002, hefur umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Auglýsing þessi gildir frá 1. maí 2026 og kemur í stað auglýsingar sama efnis, nr. 230/2026.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 8. maí 2026.

F. h. r.
Jón Ásgeirsson.

Hreinn Hrafnkelsson.

B deild - Útgáfudagur: 11. maí 2026